

Ytra mat grunnskóla Salaskóli í Kópavogi

Ytra mat þetta er unnin á vegum Námsmatsstofnunar fyrir
mennta- og menningamálaráðuneytið og Kópavogsbæ

Höfundar: Hanna Hjartardóttir, Unnar Þór Böðvarsson og Þóra Björk Jónsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-49-7

Efnisyfirlit

Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Aðferðir og framkvæmd	7
Salaskóli	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	8
Stefna skólans	9
Nemendur	10
Árangur náms	10
Samræmd könnunarpróf	10
Starfstími.	12
Sérfræðibjónusta	12
Niðurstöður	12
Svið I - Stjórnun.	12
Fagleg forysta	12
Stefnumótun og skipulag	15
Samskipti heimila og skóla	17
Svið II - Nám og kennsla	18
Nám og námsaðstæður	18
Þátttaka og ábyrgð nemenda.	21
Námsaðlögun	22
Svið III – Innra mat	23
Framkvæmd innra mats.	23
Umbótastarf í kjölfar innra mats	25
Svið IV – Nám nemenda með sérþarfir	26
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	29
Styrkleikar í stjórnun	29
Styrkleikar í námi og kennslu	29
Styrkleikar í innra mati	30
Styrkleikar í námi nemenda með sérþarfir	30
Heimildir.	38

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Salaskóla í Kópavogi sem fór fram á haustönn 2014. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir, en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun, nám og kennsla*, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þátturinn *nám nemenda með sérþarfir*.

Stjórnun

Í starfi sínu leggur skólastjóri Salaskóla fyrst og fremst áherslu á nemandann og einnig starfsfólkið. Stefna Salaskóla miðar að því að gera Salaskóla að framsæknum skóla sem byggir starf sitt og þróun á reynslu og innlendum sem erlendum rannsóknum. Í stefnu skólangs segir að hagsmunir nemenda skuli ávallt settir í fyrsta sæti og allt starfið miði að því að gera nemendur að góðum og nýtum þegnum þessa lands, óhræddum við að glíma við öll þau nýju verkefni sem þeim munu mæta á lífsleiðinni.

Stjórnendateymið vinnur náið saman og miðlar upplýsingum sín á milli. Skólasamfélagið hefur mótað jákvæðan og uppbyggjandi skólabrag með velferð nemenda að leiðarljósi og verklagsreglur og við-brögð við einelti eru skilvirk. Skóladagur nemenda er heildstæður og fjölbreyttar valgreinar í boði fyrir unglungastigið.

Faglegt samstarf kennara um kennslu fer fram í faghópum, á aldursstigum og/eða árgöngum. Þá eru reglugleir kennarafundir en fjölda þarf formlegum starfsmannafundum.

Setja þarf skólanámskrá og starfsáætlun fram á þann hátt sem kveðið er á um í 12. kafla aðalnámskrár. Í starfsáætlun eru taldir upp fulltrúar í skólaráði en þar vantar two fulltrúa nemenda. Fulltrúar í skólaráði eru kosnir lýðræðislegri kosningu nema fulltrúar nemenda.

Nám og kennsla

Í Salaskóla fá nemendur markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum og nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar. Allir nemendur taka virkan þátt í námi og starfi skólangs. Kennrarar sýna góða fagþekkingu og skipuleggja kennslu með tilliti til námsmarkmiða og þarfa nemenda. Nemendur vinna að heildstæðum og sampættum verkefnum og námsmat er fjölbreytt. Nemendur á unglungastigi hafa val um námsgreinar í um fimmtungi námstímans og þeim er kennt að setja sér markmið í námi. Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og unnið er sérstaklega út frá styrkleikum hvers og eins.

Námsvíasar/bekkjarnámskrár þurfa að vera aðgengileg á heimasíðu. Efla þarf umræður, skoðanaskipti og gagnrýna hugsun nemenda og huga að markvissri samvinnu í námi. Efla þarf nemendafélag innan skólangs og æskilegt að nemendur bæði á mið- og unglungastigi taki þar þátt. Gera þarf nemendum ljós markmið námseininga í heild sinni.

Innra mat

Í Salaskóla er unnið eftir matsáætlun til þriggja ára í senn. Á þriggja ára fresti er gefin út matsskýrsla sem byggir á innra mati skólangs síðast liðin þrjú ár. Helstu tæki skólangs í innra mati eru: Olweusaráætlunin, Skólapúlsinn, starfsmannaviðtöl, foreldrar í morgunkaffi með stjórnendum o.fl.

Á heimasíðu skólangs eru birtar allar helstu áherslur og greinargerðir úr innra mati. Greinargerðir um innra mat í sjálfbatsskýrslu eru skýrt fram settar og í þeim eru grundvallarupplýsingar um matið. Gera þarf árlega skýrslu um innra mat skólangs sem grundvöll fyrir umbótaáætlun hvers árs.

Umbótaáætlun 2013-2016 liggar fyrir og er hún birt á heimasíðu. Í umbótaáætlun vantar að skilgreina einstaka umbótaþætti nánar til eins árs í senn og tilgreina viðmið um árangur þar sem það á við. Skipa þarf matshóp og tryggja að allir hagsmunaðilar skólangs eigi sinn fulltrúa í honum.

Nám nemenda með sérþarfir

Í Salaskóla er námsumhverfið sveigjanlegt og mætir þörfum allra. Skipulag stuðnings við einstaka nemendur og nemendahópa stuðlar að því að hann fari fram innan skóla án aðgreiningar. Þar fá allir nemendur tækifæri til að þroska persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir þá nemendur sem þess þurfa og taka foreldrar þátt í gerð þeirra. Sérstakur aðili ber ábyrgð á að áætlanir um stuðning séu í samræmi við metnar sérþarfir, snemmtæk íhlutun er til staðar og stuðningur er endurmetinn reglulega og markvisst.

Gera þarf tilfærsluáætlun fyrir þá nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá og/eða einstaklings-teymi sem heldur utan um nám þeirra. Áætlunin fylgi þeim frá grunnskóla í framhaldsskóla. Gera þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir og birta á heimasiðu. Æskilegt er að nemendur eigi sæti í einstaklingsteymum sem fjalla um málefni þeirra og fái þannig tækifæri til að hafa áhrif á framvindu námsins.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Salaskóla í Kópavogi. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur, Unnari Þór Böðvarssyni og Þóru Björk Jónsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 27.-31. október 2014. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í Salaskóla voru fjórir þættir metnir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og nám nemenda með sérþarfir. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli er nám nemenda með sérþarfir. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020 (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013. Skólar hafa svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til 2015 og einn kaflahluta til 2016, það er kafla 9.4. Þar sem fjallað er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýniviðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun undanfarin ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem ráðuneytið létt gera árin 2003 og 2007 en engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár.

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Kynningarfundur var haldinn 22. október 2014 fyrir allt starfsfólk og þar mætti einnig fulltrúi mennta-sviðs Kópavogsbæjar. Þar voru forsendur matsins kynntar, sem og framkvæmdin, og þá gafst einnig tækifæri til að fara með skólastjóra í skoðunarferð um skólann. Nokkru síðar tóku við vettvangsat-huganir hjá u.p.b. 75% kennara og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, , tveimur hópum nemenda, annars vegar nemendum í 2.-6. bekk og hins vegar 7.-10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki, nema stjórnendur. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Sérstökum spurningum vegna fjórða matsþáttarins, náms nem-enda með sérþarfir, var beint til allra rýnihópanna.

Skólaheimsóknin stóð yfir í fimm daga, auk kynningarfundar og skoðunar, þ.e. 27.-30. október og 6. nóvember 2014. Heimsóttar voru 38 kennslustundir hjá 41 kennara og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, smíði, íþróttum, sundi, sköpun og tónlist, auk sérkennslu. Kennrar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skóla-stjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmynadar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu um 84% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en dagana milli vettvangsathugana og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa tak-markað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Salaskóli

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Salaskóli tók til starfa árið 2001. Hann er í Salahverfi í Leirdal í Kópavogi og stutt er í ýmsar náttúru-perlur eins og Elliðavatn og Vífilsstaðavatn. Skólinn hefur aðgang að ýmsum útikennslusvæðum en aðal útikennslustofan er Rjúpnalundur í Rjúpnahæð sem skólinn nýttir í samstarfi við two leikskóla í hverfinu.

Við hlið skólans er íþróttamiðstöðin Versalir en þar eru íþróttasalir og sundlaug sem skólinn hefur að-gang að.

Skólinn er í samstarfi við two leikskóla í hverfinu, Fífusali og Rjúpnahæð. Ákveðið verklag er um sam-skipti þessara aðila og út frá þróunarverkefni sem leik- og grunnskóli unnu að eru leikskólnir með sumarskóla í júní í húsnæði Salaskóla og dægradvöl Salaskóla er með sumardvöl fyrir verðandi nem-endur skólans í tvær vikur fyrir skólastettingu. Þetta auðveldar skólabyrjun yngstu nemendanna í Salaskóla.

Við skólann starfar félagsmiðstöðin Fönix en þar fer fram tómstundastarfsemi fyrir nemendur á ung-lingastigi Salaskóla. Félagsmiðstöðin lýtur þó ekki stjórn Salaskóla heldur er á vegum Kópavogsbæjar.

Nemendur í 1.-4. bekk eiga þess kost að vera í dægradvöl að lokinni kennslu. Þar eiga nemendur kost á fjölbreyttu hópastarfi. Tónlistarskóli Kópavogs, Skólahljómsveit Kópavogs og Tónsalir fá aðstöðu í skólanum til hljóðfærakennslu og geta nemendur Salaskóla farið þar í einkatíma á skólatíma grunn-skólans. Þá eiga nemendur Salaskóla þess kost að sækja forskóla tónlistarskóla í skólanum sem tón-listarkennrar skólans sjá um í samstarfi við Tónlistarskóla Kópavogs.

Stefna skólans

Einkunnarorð skólans eru umhyggja, vöxtur, sjálfstæði. Ekki er nánari skýring á merkingu einkunnarorðanna á heimasíðu skólans eða hvernig skólinn hyggst vinna að þeim. Hins vegar hefur skólinn sett sér skýra stefnu þar sem segir meðal annars að skólinn sé framsækinn og óragur við að fara ótroðnar slóðir. Helstu áhersluatriði eru:

- Áhersla á einstaklinginn
- Umhverfismálin
- Strákar og stelpur
- Heilbrigði, hreyfing og hollusta
- Siðfræði og góð framkoma
- Heimili og skóli

Nánari skilgreining er á öllum þessum atriðum í stefnunni.

Stefna skólans samrýmist vel stefnu Kópavogsbæjar þar sem m.a. er rætt um að skólanir „leggi sig fram um að skapa góðan skólabrag sem einkennist af virðingu og jákvæðum og uppbyggilegum aga þar sem hver nemandi finnur mátt sinn og megin“. Þar er líka fjallað um að skólastarfið skuli einkennast af leit að nýjum möguleikum og viðfangsefnum sem rímar við það að Salaskóli vill vera framsækinn og óragur við að fara ótroðnar slóðir.

Frá árinu 2007 hefur verið unnið með stefnuna Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga (Restitution – Self Discipline). Eineltisáætlun skólans er að fyrirmynnd Olweusaráætlunarinnar gegn einelti.

Ýmis þróunar- og nýbreytniverkefni eru í gangi og skólaárið 2014-2015 hefur verið haldið áfram með sérstaka áherslu á þróun á sviði móðurmálskennslu og upplýsingatækni. Í móðurmálskennslu er unnið með verkefnin Byrjentalæsi í 1.-3. bekk og Læsi til náms í 4.-10. bekk. Ritun og jafningjaráðgjöf er heiti á nýju þróunarverkefni sem unnið verður að í 5. og 9. bekk.

Unnið er að því að nemendur í unglingadeild geti notað eigin tæki í námi sínu, þ.e. síma, tölvur og spjaldtölvur.

Salaskóli tekur þátt í verkefninu Skólar á grænni grein og hefur flaggað Grænfánanum fjórum sinnum.

Starfsmenn

Starfsmenn eru samtals 74. Stjórnendur eru þrír. Við skólann starfar 41 kennari, þar af einn leiðbeinandi og fimm sérkennrarar, í 43 stöðugildum. Þá starfa við skólann þrír proskapjálfar í jafn mörgum stöðugildum. Einn námsráðgjafi er í 100% stöðu. Stuðningsfulltrúar eru fimm í rúmlega þremur stöðugildum.

Flestir kennrarar eru með BEd próf í grunnskólakennarafræðum en níu þeirra eru með MA próf eða ígildi þess (leiðbeinandi er með MA próf í menningarstjórnun og er í kennsluréttindanámi) og einn er með doktorspróf. Einn stjórnandi er með MA próf í stjórnun og hinir með tvöfalt kennarapróf eða diplómapróf í stjórnun. Proskapjálfar eru með BA próf og einn þeirra MA próf. Námsráðgjafi er með MA próf.

Konur eru 60 og karlar 14 og hlutfall karla í starfsmannahópnum er því tæplega 19%.

Sömu stjórnendur hafa verið við skólann frá stofnun hans 2001 og mikill stöðugleiki er í kennarahópnum. Haustið 2014 bættust við þrír nýir kennrarar og einn námsráðgjafi. Það var að hluta til vegna fjölgunar nemenda en einnig vegna kennara sem fór í launalaust leyfi og annars sem fór í fæðingarorlof.

Í eldhúsi starfar einn kokkur og auk hans tveir aðstoðarmenn í einu og hálfu stöðugildi.

Skólaliðar í gangavörslu og þrifum eru sjö í jafnmögum stöðugildum og á kaffistofu starfsfólks starfar einn skólaliði. Í dægradvöl starfa 11 manns, forstöðumaður er í 100% starfi og hínir tíu eru allir í hálfi starfi. Auk þessa eru húsvörður og ritari í fullu starfi.

Mikill stöðugleiki er í starfsmannahópnum almennt en í dægradvöl er að jafnaði nokkur breyting árlega og u.p.b. 50% hópsins endurnýjast.

Nemendur

Í skólanum eru 549 nemendur á haustönn 2014. Meðalstærð bekkja er 21,1 nemandi. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nem.	53	49	68	58	76	54	38	52	47	54
Bekkjardeildir	3	3	3	3	3	3	2	2	2	2

Hlutfall nemenda sem fær skilgreinda sérkennslu er 16%, það er nemendur sem eru með einstaklings-námskrá vegna sérþarfa. Þrettán nemendur eru með annað móðurmál en íslensku, þ.e. annað foreldri eða bæði eru af erlendu berghi brotin.

Fimmtán nemendur fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Níu nemendur stunda nám á framhaldsskólastigi meðfram náminu í Salaskóla.

Árangur náms

Samræmd könnunarpróf


Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30 og staðalfrávikið tíu.

Samantekt á niðurstöðum 2007-2014

4. bekkur

Frammistaða nemenda í fjórða bekk hefur verið talsvert sveiflukennd síðustu átta árin. Frammistaða í íslensku hefur batnað síðustu þrjú árin og er tveimur stigum yfir meðaltali nú í ár. Frammistaða í stærðfræði er nú einu stigi undir landsmeðaltali.

Fjöldi nemenda í 4. bekk hefur verið frá 37-74 og í ár eru 58 nemendur. Yfirleitt taka allflestir nemendur skólans bæði prófin, hlutfall nemenda sem ekki taka prófin er á bilinu 0-6% frá



Mynd 1 Meðaltalsárangur nemenda í 4. bekk sl. átta ár. Punkta-línán er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár.

árinu 2007 með þeirri undantekningu að árið 2007 tóku 16% nemenda ekki íslenskuprófið. Nú í ár tóku 97% nemenda bæði íslensku- og stærðfræðiprófið.

7. bekkur

Frammistaða nemenda í sjöunda bekk síðustu átta árin sveiflast talsvert milli ára. Í ár er árangur í íslensku yfir landsmeðaltali og í landsmeðaltali í stærðfræði.

Nemendafjöldi í 7. bekk hefur verið milli 30-58 en fjöldi nemenda í 7. bekk er nú 37.

Yfirleitt taka allflestir nemendur skólans bæði prófin, hlutfall nemenda sem ekki taka prófin er á bilinu 0-6% frá árinu 2007, en árið 2009 tóku 13% nemenda ekki íslenskuprófið. Nú í ár tóku 97% nemenda bæði íslensku- og stærðfræðiprófið.


Framfarir nemenda milli 4. og 7. bekkjar

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa gefa möguleika á að skoða framfarir nemenda milli próftöku í 4. og 7. bekk. Framfarir nemenda skólans sem hafa tekið 4. og 7. bekkjar prófin eru hér settar fram og metnar eftir því hvort þær eru minni, svipaðar eða meiri en almennt gerist meðal jafnaldra á landsvísu.


Framfarir nemenda 7. bekkjar skólans í íslensku eru mjög góðar miðað við það sem almennt er á landsvísu. Lægra hlutfall nemenda sýnir minni framfarir en gerist og hærra hlutfall nemenda er með meiri framfarir en gerist meðal jafnaldra á landsvísu. Í stærðfræði eru nemendur Salaskóla almennt að taka álíka framförum og gerist á landsvísu, ívið færri eru að taka minni framförum.

10. bekkur

Frammistaða nemenda í tíunda bekk síðustu átta árin er sveiflukennd. Frammistaða nemenda er góð í íslensku, fyrir utan árið 2007 er hún alltaf yfir og oft vel yfir landsmeðaltali. Frammistaða nemenda í ensku hefur almennt verið góð, miklar sveiflur eru þó í frammistöðunni frá því að vera rétt undir í að vera vel yfir landsmeðaltali. Mikil sveifla er einnig í árangri nemenda í stærðfræði. Skólinn var tveimur stigum undir landsmeðaltali 2007 en fór síðan yfir og hélst vel yfir í fimm ár, þar til í fyrra og í ár að frammistaðan er um tveimur stigum undir landsmeðaltali.



Mynd 2 Meðaltalsárangur nemenda í 7. bekk sl. átta ár. Punkta-línan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár.



Mynd 3 Meðaltalsárangur nemenda í 10. bekk sl. átta ár. Punkta-línan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár.

Í ár er frammistaða nemenda í 10. bekk Salaskóla yfir landsmeðaltali í íslensku og ensku, en undir í stærðfræði.

Árið 2007 voru 34 nemendur í 10. bekk. Þeir hafa fæstir verið 30 en mestur fjöldi nemenda í 10. bekk sl. átta ár er nú í ár en 54 nemendur eru á síðasta ári sínu í Salaskóla.

Misjafnt er milli ára hversu margir nemendur taka prófin. Árið 2007 tóku allir nemendur öll prófin en árin 2008 og 2009 tók um 10-17% nemenda ekki einstaka próf, sem var minnsta þátttakan en síðustu fimm árin hafa nær allir tekið prófin. Í ár tók 98% nemenda í 10. bekk íslenskuprófið og 96% ensku- og stærðfræðiprófin.

Framfarir nemenda milli 7. og 10. bekkjar

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa gefa möguleika á að skoða framfarir nemenda milli prófa í 7. og 10. bekk. Framfarir nemenda skólans sem hafa tekið 7. og 10. bekkjar prófin eru hér settar fram og metnar eftir því hvort þær eru minni, svipaðar eða meiri en almennt gerist meðal jafnaldra á landsvísu.

Framfarir nemenda 10. bekkjar skólans milli prófa í íslensku og stærðfærði eru góðar, færri nemendur sýna minni framfarir og fleiri sýna meiri framfarir en almennt gerist meðal jafnaldra á landsvísu.

Starfstími

Forfallastundir á skólaárinu voru 4310 og í 2273 þeirra kenndu forfallakennrarar. Þær stundir sem féllu niður voru kennslustundir í unglingsdeild þegar um skemmri forföll var að ræða og kennslustundir sérkennara sem erfitt var að leysa af og kennslustundir sem þroskaþjálfar sjá um. Um 500 kennslustundir sérkennara og þroskaþjálfa féllu niður.

Sérfræðibjónusta

Skólinn sækir sérfræðibjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á menntasviði Kópavogsbæjar og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðibjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólam.

Niðurstöður

Svið I - Stjórnun

Skólastarf Salaskóla og stjórnun hans tekur mið af skólastefnu Kópavogsbæjar. Við stjórnun Salaskóla er nemandinn í forgrunni. Stjórnendur Salaskóla leggja sig fram um að móta allt starf skólans út frá nemandanum. Stjórnendum hefur tekist að skapa notalegan vinnustað í skólanum fyrir nemendur, kennara og starfsfólk.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forstu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmanna-funda svo oft sem þurfa þykir.

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafli 10.1).

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Í starfi sínu leggur skólastjóri Salaskóla fyrst og fremst áherslu á nemandann og einnig starfsfólk. Skólinn er vinnustaður þar sem nemandinn er í forgrunni og starfsfólk skólans leiðir starfið í samvinnu við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Stefna Salaskóla miðar að því að gera Salaskóla að fram-

sæknum skóla sem byggir starf sitt og þróun þess á reynslu og innlendum sem erlendum rannsóknum. Hagsmunir nemenda skulu ávallt settir í fyrsta sæti og allt starfið miðar að því að gera nemendur að góðum og nýtum þegnum þessa lands, óhræddum við að glíma við öll þau nýju verkefni sem þeim munu mæta á lífsleiðinni, eins og segir í stefnu Salaskóla.

Skólastjóri hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans. Skólastjóri stuðlar að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti. Hann virkjar hagsmunaðila til samstarfs um að hrinda stefnunni í framkvæmd. Stefnumótunarvinna í sambandi við kennslu er rædd á kennara- og starfsmannafundum og einnig unnin með kennurum á svokölluðum „kaffihúsa-fundum“. Frá byrjun hafa foreldrar komið að mótu skólastefnunnar, í upphafi þegar skólinn var fá-mennur á svokölluðum „gulumiðafundum“ með stjórnendum sem þróuðust út í morgunkaffifundi þar sem unnið var með einn og einn bekk í einu. Núna eru slíkir fundir einu sinni á ári með foreldrum úr einum árgangi í senn. Mætingin á fundina er um 80-90%. Foreldrar skrifa á miða tvö atriði sem þeir eru ánægðir með í skólastarfinu, tvö sem má bæta og einnig það sem foreldrar vilja sjá í skólastarfinu. Síðan er unnið úr niðurstöðunum og þær gerðar opinberar, t.d. með frétt á heimasíðunni.

Skólastjóri fylgist með starfi skólans, er sýnilegur á göngum og í matsal en fer ekki reglulega í kennslu-stundir til að að veita nemendum og kennurum endurgjöf á nám og kennslu.

Einkunnarorð Salaskóla eru umhyggja – vöxtur – sjálfstæði. Einkunnarorðin endurspeglast í merki skólans. Þegar spurt var í rýnihópum hvort einkunnarorð skólans væru viðmælendum töm á tungu gátu þeir undantekningarlítið ekki nefnt öll einkunnarorðin. Aðeins einn rýnihópur gat rifjað upp öll einkunnarorðin eftir nokkrar samræður í hópnum.

Styrkleikar

- Skólastjóri leggur rækt við að vera til staðar fyrir nemendur og starfsmenn í daglegu starfi skólans.
- Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu hans.
- Skólastjóri hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans.

Tækifæri til umbóta

- Huga ætti að reglulegri endurgjöf til kennara um nám og kennslu.
- Huga mætti að því að gera einkunnarorðin sýnilegri í skólanum svo allir séu meðvitaðir um þau.

Stjórnun stofnunar

Stjórnendur í Salaskóla eru búinir að vinna lengi saman, þekkja hvern annan mjög vel og skipta með sér verkum byggða á þeirri þekkingu og því hvar kraftar þeirra og sérhæfing nýtist best. Stjórnendateymið vinnur náið saman og miðlar upplýsingum sín á milli. Ekki liggur fyrir skipurit sem endurspeglar gildandi fyrrkomulag stjórnunar í skólanum.

Þegar kennslu er skipað niður er reynt að taka mið af menntun og sérhæfingu kennara til að tryggja sem best gæði náms og kennslu. Ekki liggur fyrir skráning á menntun og sérhæfingu starfsmanna að öðru leyti en því sem fram kemur í Mentor og á ráðningarsamningum.

Í Salaskóla er gert ráð fyrir starfsþróunarsamtali við alla starfsmenn og þeim boðið reglulega í starfsþró-unarsamtal einu sinni á ári. Starfsmenn þurfa að skrá sig í starfsþróunarsamtöl. Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks, benda starfsmönnum á réttindi sín og skyldur og veita endurgjöf á störf þó svo að endurgjöfin sé ekki reglubundin. Möttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur ekki fyrir en allir starfsmenn fá í hendur mjög yfirgripsmikla starfsmannahandbók þegar þeir hefja störf.

Jafnréttisáætlun liggur fyrir og einnig verklagsreglur um meðferð eineltis- og ágreiningsmála í starfsmannahópnum sem unnið er eftir. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörlu persónuupplýsinga og upp-

Lýsingagjöf um nemendur, þó ekki séu til sérstakar reglur um upplýsingagjöf um nemendur. Gætt er að því að allir starfsmenn undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu. Fram kom í rýniviðtali við skólastjóra að verktakar sem koma tímabundið til vinnu í skólann eru ekki látnir undirrita yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu.

Styrkleikar

- Stjórnendateymið vinnur náið saman og miðlar upplýsingum sín á milli.
- Tekið er mið af menntun og sérhæfingu kennara til að tryggja sem best gæði náms og kennslu.
- Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks, benda starfsmönnum á réttindi sín og skyldur og veita endurgjöf á störf.
- Gætt er að góðri skjalastjórnun.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf skipurit sem endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.
- Skrá ætti menntun og sérhæfingu starfsmanna.
- Setja reglur um upplýsingagjöf varðandi nemendur.

Faglegt samstarf

Allir aðilar skolasamfélagsins mynda saman lærdómssamfélag. Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og stuðlað er að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum.

Samstarf um nám og kennslu er reglulegur þáttur í skólastarfinu, bæði formlegt og óformlegt, og miðar að því að styrkja nám nemenda. Faglegt samstarf kennara um kennslu fer fram í faghópum, á aldursstigum og/eða árgögum í samræmi við stefnu skólans og með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Þá eru reglulegir kennarafundir en annað starfsfólk hefur ekki tækifæri til að ræða formlega nám og kennslu og starfið í skólanum þar sem formlegir starfsmannafundir eru aðeins þrír á ári og fundargerðir kennarafunda ekki aðgengilegar fyrir aðra starfsmenn. Að mati starfsmanna þarf að fylga formlegum starfsmannafundum en húsvörður fundar með skólaliðum alla jafna vikulega og forstöðumaður dægradvalar með sínu fólk.

Skráð samstarf er við nærliggjandi leikskóla og einnig hefur Salaskóli verið í samstarfi við leikskóla með þróunarverkefni. Eins er gott samstarf við Menntaskólann í Kópavogi um verklegt og bóklegt nám fyrir nemendur í ungingadeild skólans. Einnig er þó nokkuð samstarf við Fjölbautaskólann í Ármúla þar sem nokkrir nemendur taka áfanga, sumir marga. Ekki er að finna á heimasíðu skólans lýsingu á samstarfi Salaskóla við framhaldsskólastigið.

Styrkleikar

- Stuðlað er að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum.
- Faglegt samstarf kennara fer fram í faghópum, á aldursstigum og/eða árgögum.
- Mikið og gott samstarf er við önnur skólastig.

Tækifæri til umbóta

- Skrá og birta verklag um samstarf Salaskóla við framhaldsskólastigið.
- Þörf er á að stuðningsfulltrúar og annað starfsfólk sé boðað á fagfundir þar sem það á við.
- Halda reglulega starfsmannafundi fyrir allt starfsfólk skólans.

Skólapróun

Fagleg forysta og markviss leiðsögn er ein meginforsendan fyrir árangursríku þróunarstarfi. Í Salaskóla er stöðugt unnið að þróun skólastarfsins með hag nemenda að leiðarljósi.

Stjórnendur hvetja starfsfólk til að efla sig í starfi og auka við þekkingu sína. Að nokkru tengist sí-menntunarætlun þróunar- og umbótastarfi í skólanum, t.d. með því að taka mið af þörfum einstakra starfsmanna.

Skólastjóri og deildarstjóri hafa forgöngu um innra mat og bera ábyrgð á framkvæmd þess. Mats-hópur er ekki starfandi við skólann. Skólapúlsinn er stór þáttur í innra matinu, sérstaklega hvað varðar nemendur, starfsmenn og foreldra. Ýmis próf, kannanir og viðtöl eru reglulegur hluti af innra mati skólans. Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður um þróun og umbætur með kennurum. Niðurstöður innra mats eru kynntar hagsmunaaðilum, t.d. á heimasíðu, og nemendur fá kynningu á niðurstöðum úr Skólapúlsinum jafnóðum.

Styrkleikar

- Í Salaskóla er stöðugt unnið að þróun skólastarfsins með hag nemenda að leiðarljósi.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður um þróun og umbætur með kennurum.

Tækifæri til umbóta

- Skipa þarf matshóp með fulltrúum allra hagsmunaaðila skólans.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun Salaskóla er upplýsingarit um starfsemi skólans. Hún er hluti af skólanámskrá Salaskóla og er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu viðburði, áherslur og markmið í skólastarfinu fyrir yfirstandandi skólaár. Starfsáætlunin er birt á heimasíðu skólans. Í starfsáætlun er að finna flesta þá þætti sem aðalnámskrá og grunnskólalög kveða á um að séu í starfsáætlun hvers skóla.

Í starfsáætlun kemur fram hverjir stjórna skólanum en skipurit vantar. Stutta lýsingu á helstu verkefnum stjórnenda er einnig að finna í starfsáætluninni en lýsing á verkskiptingu þeirra er ekki tæmandi.

Að forminu til vantar nokkuð upp á að starfsáætlun og skólanámskrá uppfylli fyrirmæli í aðalnámskrá. Í aðalnámskrá frá 2011 segir að skóli skuli birta stefnu sína með tvennum hætti: „Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar upplýsingar sem eru breytilegar frá ári til árs í árlegri starfsáætlun“. Þess skal getið að fyrir liggja drög að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár . Samkvæmt drögunum átti þeirri vinnu að ljúka haustið 2014.

Þegar spurt var í rýnhópum um aðkomu allra hagsmunaaðila að gerð starfsáætlunar og skólanámskrár kom fram að fulltrúar í rýnhópum telja kennara vera nokkuð virka við gerð starfsáætlunar og skólanámskrár m.a. á kennrafundum. Einnig eru skipulagðir morgunfundir með foreldrum þar sem þeim gefst kostur á að koma á framfæri sínum áherslum í skólastarfinu. Ekki er eins markvisst leitað eftir skoðunum nemenda og annars starfsfólks um skólastarfið.

Styrkleikar

- Starfsáætlunin er upplýsandi og er birt á heimasíðu skólans.
- Skipulagðir morgunfundir eru með foreldrum þar sem þeim gefst kostur á að koma á framfæri áherslum sínum í skólastarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf að uppsetningu starfsáætlunar og skólanámskrár í samræmi við fyrirmæli í aðalnámskrá grunnskóla.
- Tryggja að allir hagsmunaaðilar komi að umfjöllun um gerð skólanámskrár og starfsáætlunar.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Stundatafla er samfellt með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðast við aldur og þroska nemenda. Nám nemenda er skipulagt í heildstæðar vinnulotur sem veitir kennurum tækifæri til samvinnu milli námshópa og viðfangsefna nemenda. Stundatöflur nemenda bera vott um að ætlast er til sveigj-anleika í skólastarfinu og samvinnu nemenda og kennara að verkefnum.

Í samræmi við viðmiðunarstundaskrá er boðið upp á valgreinar fyrir nemendur í 8.-10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu á sínu áhugasviði.

Í vettvangsathugunum á yngsta stigi voru kennslustundir nokkuð oft skertar, t.d. í þeim tínum sem liggja að íþróttatínum og þegar verkgreinakennrarar sækja nemendur úr útvist.

Styrkleikar

- Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- Valgreinar fyrir nemendur í 8.-10.bekk eru fjölbreyttar.
- Nám nemenda er skipulagt í heildstæðar vinnulotur sem veitir kennurum tækifæri til samvinnu milli námshópa og viðfangsefna nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að skipuleggja tíma nemenda þannig að kennslustundir skerðist ekki, t.d. vegna þess að ekki er nægur tími til að fara í og úr íþróttum.

Verklagsreglur og áætlunar

Skólasamfélagið hefur mótað jákvæðan og uppbyggjandi skólabrag með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi og mótask Hann af margvislegum þáttum í skólastarfinu. Í stefnu skólans segir m.a. að kennsluhættir skólans vegi þungt, ásamt þeim viðhorfum sem ríkja í skólanum. Í kennslunni er horft til styrkleika og ólíkra greinda nemenda.

Jákvæðar skólareglur liggja fyrir og í þeim eru viðbrögð við agabrotum. Stjórnendur höfðu frumkvæði að því að vinna skólareglurnar. Eftir að reglugerð um skólareglur kom út árið 2011 voru reglurnar endurskoðaðar. Nemendur töku ekki þátt í endurskoðun þeirra en farið var að óskum nemenda um síma og tyggjó, sem núna er leyft. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir: „Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólareglina og kynningu þeirra og skulu þær unnar í samráði við skólaráð og fulltrúa nemenda í skólaráði.“

Skólareglurnar eru birtar í starfsáætlun skólans en þær eru ekki áberandi á veggjum hans. Bekkjareglur/bekkjarsáttmálar, sem nemendur taka þátt í að móta, eru í eða við mörg kennslurými í skólanum.

Forvarnaráætlun gegn reykingum, áfengis- og fíkniefnaneyslu, netfíkn og/eða kynferðislegu áreiti liggur ekki fyrir í skólanum. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti eru skilvirk og allir aðilar skólasamfélagsins þekkja þau.

Fyrir liggur móttokuáætlun fyrir nýja nemendur, nemendur með íslensku sem móðurmál sem eru að flyttjast erlendis frá og einnig fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Ekki liggur fyrir móttokuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir.

Styrkleikar

- Skólasamfélagið hefur mótað jákvæðan og uppbyggjandi skólabrag með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti eru skilvirk og allir aðilar skólasamfélagsins þekkja þau.

Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir.
- Vinna þarf að heildstæðri forvarnaráætlun og birta á heimasíðu.
- Gæta þess að skólaráð og fulltrúar nemenda í skólaráði taki þátt í næstu endurskoðun skóla-reglna með formlegum hætti.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs sem er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans og stefnumörkun. Í reglugerð nr 1157/2008 um skólaráð í grunnskóla segir m.a. í 4. gr. „Skólaráð skal setja sér starfsáætlun til eins skólaárs í senn, m.a. um tíðni funda, boðun þeirra og undirbúning. Skólastjóri boðar reglulega til funda.“

Í starfsáætlun ársins eru taldir upp fulltrúar í skólaráði en í upptalninguna vantar two fulltrúa nemenda. Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri eiga samkvæmt lögum um grunnskóla og reglugerð nr. 1157 ekki sæti í skólaráði. Skólastjóri er eini stjórnandinn sem á sæti í skólaráði og ber hann ábyrgð á starfi skólaráðs og stjórnar fundum þess. Aðstoðarskólastjóri er varamáður skólastjóra í skólaráði og gegnir störfum hans í ráðinu í forföllum hans. Að sögn fulltrúa í rýnihópi skólaráðs eru allir fulltrúar þess kosnir lýðræðislegri kosningu nema nemendur.

Í starfsáætlun er lýsing á verkefnum skólaráðs og þar er m.a. sagt að skólaráðið fundi að jafnaði mán-aðarlega og að fundargerðir ráðsins séu aðgengilegar á heimasíðu skólans. Samkvæmt fundargerðum skólaráðs sem eru vistaðar á heimasíðu verður ekki annað séð en að skólaráðið fundi óreglulega og samkvæmt birtum fundargerðum var síðasti fundur í skólaráði 24. mars 2014. Setja þarf skólaráði starfsáætlun til eins árs í senn, m.a. áætlun um tíðni funda og helstu málefni sem taka á fyrir.

Í Salaskóla er starfandi foreldrafélag. Stjórnendur skólans vinna með félagini sem er virkur samstarfsaðili skólans, styður við skólastarfið og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag og styrkja tengsl foreldra, nemenda, kennara og starfsfólks skólans.

Bekkjarfulltrúar foreldra eru í hverjum námshópi og er hlutverk þeirra m.a. að halda utan um bekkjarstarf í samráði við kennara og mæta á aðalfund foreldrafélagsins.

Styrkleikar

- Skólaráð er virkur samráðsaðili skólastjóra í stjórnun skólans og stefnumörkun.
- Foreldrafélagið er virkur samstarfsaðili skólans, styður við skólastarfið og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag og styrkja tengsl foreldra, nemenda, kennara og starfsfólks skólans.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti starfsáætlun til eins skólaárs í senn fyrir skólaráðið, m.a. um tíðni funda, boðun þeirra og helstu málefni.
- Virkja þarf fulltrúa nemenda til setu í skólaráði.
- Kjósa á fulltrúa nemenda í skólaráð til tveggja ára í senn með lýðræðislegum hætti.
- Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Allt frá stofnun Salaskóla hefur samstarf við foreldra verið öflugt og í þróun. Lesa má út úr rýnihópa-viðtölum að sterkir þættir í foreldrasamstarfinu eru foreldrakaffið, foreldraviðtöl og vikulegur póstur til allra foreldra. Foreldrar vilja sjá meiri samskipti frá öllum kennurum í gegnum Mentor um námslega stöðu nemenda en heimasíða skólans er mjög öflug. Þátttakendur í rýnihópi töldu að skólanámsskráin væri lítið skoðuð en meira væri um að foreldrar og nemendur skoðuðu kennsluáætlanir.

Meginmarkmið foreldrafélags Salaskóla er að efla samstarf milli foreldra/forráðamanna nemenda og skólans og stuðla að velferð nemenda í leik og starfi. Foreldrafélagið er styrk stoð í skólasamfélagi Salaskóla og starf þess byggist á skipulögðu samstarfi foreldra/forráðamanna í hverjum bekk og skólans.

Fastir árlegir viðburðir á vegum foreldrafélagsins eru m.a. aðventuganga í byrjun desember þar sem farið er í ljósagöngu í nágrenni skólans með viðkomu í Lindakirkju og á eftir er boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur í skólanum. Páskabingó er haldið skömmu fyrir pásku með glæsilegum vinningum og ósvikinni skemmtun. Í maí er vorhátið foreldrafélagsins sem haldin er á laugardegi en þá koma nemendur og foreldrar/forráðamenn þeirra saman, leika, grilla og gera margt annað skemmtilegt.

Allir foreldrar fá þau skilaboð frá skólanum að hlutverk þeirra í námi barnanna sé mikilvægt og samstarfið við þá skipti velferð barna þeirra afar miklu máli. Samskipti við foreldra eru á jafnréttisgrundvelli og einkennast af gagnkvæmri virðingu.

Foreldrafélagið stendur fyrir foreldrarölti um Salahverfi á föstudögum.

Styrkleikar

- Foreldrafélagið stendur fyrir reglulegum viðburðum í skólanum á hverju ári.
- Foreldrar fá þau skilaboð frá skólanum að hlutverk þeirra í námi barnanna sé mikilvægt og samstarfið við þá skipti velferð barna þeirra afar miklu máli.

Tækifæri til umbóta

- Huga að enn frekari upplýsingagjöf til foreldra um stöðu nemenda í námi í gegnum Mentor.

Svið II - Nám og kennsla

Í stefnu Salaskóla kemur fram að áhersla er lögð á sterkar hliðar hvers einstaklings og að sérhver nemandi fái að njóta sína sem einstaklingur og í hóp. Það er því „rauður þráður“ í námi og kennslu í skólanum að vinna með sterkar hliðar um leið og þess er gætt að efla það sem þarf að bæta.

Skólinn er Skóli á grænni grein og nemendur, starfsmenn og foreldrar hafa gert með sér umhverfissáttmála. Markviss áhersla er lögð á útvist og fjölbreytt íþróttastarf og aðstaðan til þess er til fyrirmynndar. Í framtíðarsýn skólastefnu sveitarfélagsins segir að skipulag náms og kennslu taki mið af margbreytileika og nemendur fái tækifæri til að nýta hæfileika sína og sérstöðu í námi.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Skólinn er án aðgreiningar og sérhver nemandi fær nám og kennslu sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár. Upplýsingar um markmið náms og kennslu og ?námsvíasar/bekkjarnámskrár byggja á aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélagsins. Námsvíasar þurfa að vera aðgengilegir öllum hagsmunaðilum á heimasíðu skólans.

Skólanámskrá þarf að setja skýrt fram og birta opinberlega og gera aðgengilega öllum hagsmunaðilum á heimasíðu skólans eins og kveðið er á um í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og í 12. kafla aðalnámskrár.

Vakin er athygli á fjölbreyttum árangri, s.s. þáttöku í viðburðum eða samkeppnum, og margvíslegum hæfileikum er gefinn gaumur. Það er gert á skjá innanhúss og fréttir eru settar á Facebook síðu skólans.

Markvisst er fylgst með árangri sérhvers nemanda, nemendahópa og skólans í heild og unnið er úr og með niðurstöður samræmdra prófa og annars mats með það að markmiði að efla árangur einstakra nemenda.

Í kaflanum Árangur náms, samræmd könnunarpróf er fjallað um niðurstöður prófanna s.l. átta ár, framfarir og þáttöku. Almennt er frammistaða nemenda á samræmdum prófum síðustu átta ár nokkuð sveiflukennd. Í íslensku hefur frammistaðan í 4. bekk batnað verulega síðustu ár og er nú töluvert

yfir landsmeðaltali en stærðfræðin lítið eitt undir landsmeðaltali. Í 7. bekk er niðurstaðan s.l. þrjú ár vel yfir landsmeðaltali og sama gildir um 10. bekk, nema í stærðfræði. Þróunin hefur verið mjög já-kvæð síðastliðin ár.

Styrkleikar

- Námsvísar/bekkjarnámskrár eru endurskoðuð reglulega.
- Stefna sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda.
- Vakin er athygli á margvislegum afrekum nemenda.
- Fylgst er markvisst með árangri nemenda og nemendahópa.
- Árangur í flestum samræmdum prófum er yfir landsmeðaltali.

Tækifæri til umbóta

- Setja skólanámskrá fram á þann hátt sem kveðið er á um í aðalnámskrá.
- Birta heildstæða skólanámskrá á heimasíðu.
- Gera námsvísa/árganganámskrár aðgengileg fyrir foreldra og nemendur.

Skipulag náms og námsumhverfi

Í óbirtum námsvísum koma fram stigvaxandi kröfur í námi og þeir eru í góðu samhengi milli árganga. Þar er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.

Samstarf um nám á milli leikskóla og grunnskóla er í föstum farvegi og í stuttri samantekt í „hagnýtum upplýsingum“ í starfsáetlun er þessa getið en ekki liggur fyrir skráð og tímasett verklag eða áetlun um skilafundi. Salaskóli og leikskólar í hverfinu unnu saman að þróunarverkefni fyrir nokkrum árum og í kjölfar þess varð til áhugavert samstarf um að undirbúa nemendur fyrir komu sína í grunnskólann. Það felst í því að leikskólinn hefur aðsetur í Salaskóla í júnímánuði og í ágúst tekur dægradvöl við nemendunum þannig að þau eru vel kunnug aðstæðum í upphafi námsins.

Töluvert samstarf er við framhaldsskóla, mest við Menntaskólann í Kópavogi þar sem nemendur Salaskóla geta tekið bæði verklegt og bóklegt nám en einnig er nokkur fjöldi sem tekur áfanga hjá Fjölbautaskólanum í Ármúla. Upplýsingar um samstarfið er ekki að finna á heimasíðu skólans.

Nemendur á ungleingastigi hafa val um námsgreinar og námssvið í um fimmtungi námstíma eins og aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Bæði er þar um að ræða valgreinar sem nemendur velja að vori, alls fjórar kennslustundir á viku, svo og þemabundið val sem einnig er kennt í fjórar stundir á viku.

Nemendur á öðrum stigum hafa minna val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar en í 7. bekk er þemabundið val eins og tíðkast á ungleingastiginu. Þar er það þó kennari sem velur þema en nemendur geta valið um námsaðferðir að nokkru leyti.

Námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám og þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti.

Markmiðum heimanáms eru gerð skil í starfsáetlun og nemendur og foreldrar vita hver er tilgangur og markmið heimanáms. Allir rýnihópar voru sammála um að vel sé hugað að því að heimanám dreifist eðlilega á vikudaga eða tímabil.

Foreldraviðtöl eru reglulega tvívar á ári en nemendasamtöl þar sem umsjónarkennari ræðir skipulega við hvern nemanda sinn um nám og líðan eru ekki regluleg.

Styrkleikar

- Í námsvísum/árganganámskrám er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat.
- Regluleg og markviss samskipti eru milli leik- og grunnskóla.

- Nemendur á ungingastigi hafa val um námsgreinar í um fimmtungi námstímans.
- Þegar námsefni í grunnskóla er lokið geta nemendur tekið framhaldsskólaáfanga.

Tækifæri til umbóta

- Hafa námsvísa/bekkjarnámskrár sem sýna stigvaxandi kröfur aðgengileg öllum.
- Skrá og birta verklag um samskipti milli leik-, grunn- og framhaldsskóla.
- Huga að því að umsjónarkennrar hafi reglulega nemendasamtöl þar sem rætt er við hvern nemenda um nám og líðan.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Fagmennska, sérfræðiþekking og menntastefna endurspeglast í störfum og skipulagi kennara. Náms-einingar og kennslustundir eru vel skipulagðar. Í Byrjentalæsi er sampætting milli námsgreina og sama á við í Læsi til náms. Þá er sampætting í þemaverkefni sem nemendur í 7.-10. bekk vinna að í fjóra tíma á viku. Á vettvangi mátti sjá tölувvert af heildstæðum verkefnum, bæði í verklegum og bóklegum tínum og þar má sérstaklega nefna frábært verkefni á miðstigi þar sem lestrarkeppni með sérstöku sniði fór fram og í lokin var það sett upp eins og sjónvarpsþátturinn Útsvar.

Af þeim 38 kennslustundum sem farið var í voru 74% flokkaðar sem fræðandi (bein kennsla), 5% voru leiðbeinandi (hugsmíðahyggja) og blanda af þessu tvennu rúmlega 20%. Því má segja að kennslan hafi verið fremur einsleit og ekki mikið um lausnaleit eða umræður og skoðanaskipti milli nemenda í kennslustundum eða að hvatt væri til gagnrýnnar hugsunar.

Námsumhverfið er nýtt á fjölbreyttan hátt og nemendur fá bæði þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu. Í vettvangsathugunum var einstaklingsvinna í 66% tilfella, samvinna í 13% kennslustunda og blanda af þessu tvennu í 21% kennslustunda.

Kennrarar bera að öllu jöfnu ábyrgð á hópaskiptingu nemenda og endurgjöf þeirra á vinnu nemenda er leiðbeinandi og regluleg. Námsmat er fjölbreytt, tengist markmiðum náms, hæfniviðmiðum og tekur mið af kennsluháttum.

Styrkleikar

- Kennrarar sýna góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna og sérfræðiþekking þeirra nýtist í starfi.
- Kennrarar skipuleggja kennslu með tilliti til námsmarkmiða og þarfa nemenda.
- Nemendur vinna að heildstæðum og sampættum verkefnum.
- Námsumhverfi er nýtt á fjölbreyttan hátt.
- Endurgjöf kennara er regluleg og markviss.
- Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.

Tækifæri til umbóta

- Efla umræður, skoðanaskipti og gagnrýna hugsun nemenda.
- Huga enn frekar að fjölbreyttum kennsluháttum.
- Nýta markvisst samstarf og samvinnu í námi og kennslu.

Námshættir og námsvitund

Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum og vinna að mismunandi verkefnum. Í námsvísum kemur fram að nemendur bera vaxandi ábyrgð á að velja sér viðfangsefni og í rýnihópi kom fram að nemendur þekkja eigin styrkleika í námi.

Nám nemenda á unglungastigi tekur að hluta mið af áhugasviði þeirra en á yngri stigum birtist það lítt í verkefnum og viðfangsefnum. Sama gildir um val á námsaðferðum eftir eigin viðfangsefni eða námsstíl, það eru nemendur á unglungastigi sem fá fyrst og fremst tækifæri til þess í sínum valgreinum og þemaverkefnum.

Upplýsinga- og tölvutækni var notuð af nemendum í 18% kennslustunda og kennrarar nýttu hana í 24% stundanna.

Styrkleikar

- Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.
- Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar.
- Nemendur þekkja eigin styrkleika.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að nám nemenda á öllum aldri taki að hluta mið af áhugasviðum þeirra.
- Auka val nemenda um námsaðferðir og námsstíl á öllum aldursstigum.
- Efla upplýsingatækni við nám og kennslu á öllum stigum.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Að mati allra í rýnihópum eru samskipti í skólasamfélaginu jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að mati nemenda í rýnhópum, m.a. í tengslum við kynningar á þemaverkefnum.

Nemendafélag er starfandi í tengslum við félagsmiðstöðina en þar eru eingöngu þeir sem eru í 8.-10. bekk og engin sérstök stjórн kosin. Því er ekki til skráð eða skipulagt ferli hjá nemendafélaginu til að koma málefnum nemenda á framfæri.

Nemendur sitja í verkefnisstjórn Grænfánaverkefnis og hafa þar áhrif og þeirra sjónarmiðum er m.a. komið á framfæri með því að birta þau á skjá innanhúss. Nemendur hafa ekki verið virkir í skólaráði og því er ekki hægt að segja að þeir séu þar fullgildir þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku. Þeir sem þar hafa verið kosnir hafa ekki fengið til þess þjálfun. Reynt hefur verið að fá nemendur í skólaráð með lýðræðislegri kosningu en það hefur gengið upp og ofan að mati stjórnenda.

Í rýnhópi kom fram að nemendur hafa ekki skýra sýn á það hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag og framkvæmd náms og á námsumhverfi.

Styrkleikar

- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Séð er til þess að umræður og ákvarðanir nefnda þar sem nemendur sitja séu öðrum aðgengilegar, t.d. með birtingu á skjá.

Tækifæri til umbóta

- Kjósa á nemendur með lýðræðislegri kosningu í skólaráð til tveggja ára í senn eins og reglugerð kveður á um.
- Hafa nemendur með sem fullgilda þátttakendur í umræðum og ákvörðunum á fundum skólaráðs.
- Huga að eflingu nemendafélags innan skólans, m.a. með því að velja breiðari aldurshóp í stjórn þess.
- Móta og skrá verklag til að afla markvisst sjónarmiða nemenda um málefni sem snerta þá.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennslustunda þegar við á en markmið námseininga í heild sinni eru ekki ljós. Nemendum á ungingastigi er kennt að setja sér eigin markmið í námi en aðrir aldurshópar fá ekki markvissa þjálfun í því. Nemendur taka ekki þátt í að setja sér námsmarkmið að öllu jöfnu nema að stefna að því að ljúka ákveðnu heimanámi á réttum tíma.

Foreldrar eru með í ráðum við setningu einstaklingsbundinna markmiða barna sem eru með einstaklingsnámskrá. Almennt fylgjast foreldrar með námsframvindu barna sinna, bæði í foreldraviðtölum tvívar á ári og á Mentor. Viðmið um árangur á ungingastigi eru í óbirtum námsvísum en ekki að gengileg nemendum.

Nemendum er kennt að meta eigin vinnu að einhverju marki á öllum stigum.

Styrkleikar

- Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennslustunda.
- Nemendum á ungingastigi er markvisst kennt að setja sér markmið í námi.
- Foreldrar eru með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa.
- Foreldrar fylgjast með framvindu náms með foreldraviðtölum og á Mentor.

Tækifæri til umbóta

- Gera nemendum ljós markmið námseininga í heild.
- Þjálfa nemendur á öllum stigum í að setja sér markmið í námi.
- Gera viðmið um árangur öllum ljós með birtingu á heimasíðu.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Í skóla án aðgreiningar ríkir ákveðið viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi, óháð atgervi þeirra og stöðu. Þetta viðhorf voru allir í rýnihópum sammála um að ríkti í Salaskóla. Þar væri borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda.

Reynt er að mæta námsþörfum allra nemenda og nemendahópa, ekki síst með því að huga vel að styrkleikum einstaklinganna. Kennrar meta stöðu nemenda á fjölbreyttan hátt og laga nám að niðurstöðum. Í námsvísum er gerð grein fyrir hvernig fjölbreyttum þörfum er mætt. Með valgreinum nemenda á ungingastigi og í þemaverkefnum í 7. bekk er komið til móts við áhugasvið nemenda í vali á viðfangsefni. Á öðrum stigum var ekki sýnilegt á vettvangi að lögð væri áhersla á það.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfi.
- Allir nemendur taka virkan þátt í námi og starfi skólans.
- Námsþörfum nemenda er mætt á fjölbreyttan hátt.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að nemendur á öllum stigum fái tækifæri til að velja viðfangsefni sem endurspeglar áhuga þeirra og hæfileika.

Stuðningur við nám

Fylgst er með og brugðist við þörfum nemenda. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og lagðar fyrir kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Listi yfir allar skimanir er á heimasíðu skólans en ekki upplýsingar um hvernig brugðist er við niðurstöðum. Sérkennsla og stuðningur er í samræmi við greiningu á stöðu nemenda og skipulögð við hæfi hvers og eins. Stuðningur og sérkennsla er bæði í bóklegum og verklegum greinum, m.a. eru sérstakir sundtímar fyrir þá sem þess þurfa.

Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem fá sérstakan stuðning og foreldrar taka þátt í að ákveða form og eðli sérúrræða eins og kostur er. Sérstök teymi eru stofnuð ef þörf er á til að halda utan um nám nemenda sem foreldrar sitja í en ekki nemendur.

Árangur stuðnings er metinn markvisst og hann endurskipulagður ef þarf. Ef um einstaklingsnámskrár er að ræða eru foreldrar með í að endurmetsa markmið þeirra. Sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram í námsaðstæðum samnemenda, innan bekkjar eða námshóps.

Reynt er að koma til móts við bráðgera nemendur á ýmsan hátt en í rýnihópum kom fram að þar mætti e.t.v. gera enn betur. Í unglingsadeild geta bráðgerir nemendur tekið áfanga í framhaldsskólam Þegar þeir hafa lokið námsefni grunnskóla.

Almennir kennarar fá ráðgjöf frá sérkennurum og þroskaþjálfum innan skóla til að mæta þörfum allra nemenda en ekki eru haldnir markvisst fundir á öllum stigum með það fyrir augum.

Styrkleikar

- Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda.
- Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskráum.
- Árangur stuðnings er metinn markvisst og endurskipulagður ef þarf.
- Fagmenntaðir starfsmenn bera ábyrgð á sérstökum stuðningi í námi.

Tækifæri til umbóta

- Skrá þarf hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.
- Huga ætti að því að nemendur á öllum aldri fái krefjandi verkefni við hæfi.

Svið III – Innra mat

Framkvæmd innra mats

Í 36. gr. laga um grunnskóla er kveðið á um að hver grunnskóli skuli með kerfisbundnum hætti meta árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra, eftir því sem við á. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í Salaskóla er unnið eftir matsáætlun til þriggja ára í senn. Á þriggja ára fresti er gefin út matsskýrsla sem byggir á innra mati skólans síðastliðin þrjú ár. Helstu tæki skólans í innra mati eru: Olweusaráætlunin, Skólapúlsinn, starfsmannaviðtöl, morgunkaffi foreldra með stjórnendum o.fl. Enn fremur er þess getið í skýrslunni að smátt og smátt sé verið að þróa aðkomu nemenda að mati á skólastarfinu eftir ýmsum leiðum.

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt, bæði árangur og gæði. Matsáætlun 2014-2017 liggur fyrir og tekur hún til helstu þátta skólastarfsins.

EKKI kemur fram í opinberum gögnum skólans hverjir bera ábyrgð á innra mati en í rýnihópaviðtolum kom fram að yfirumsjón með matinu væri í höndum skólastjóra og deildarstjóra. Matshópur er ekki starfandi við skólann.

Mat á kennslu og fagmennsku kennara, s.s. mat skólastjóra á kennslu, jafningjamat og mat á nýjum kennsluháttum, fer ekki fram reglulega, en mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer reglulega fram.

Styrkleikar

- Matsáætlun 2014-2017 liggur fyrir og tekur hún til helstu þátta skólastarfsins.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega.

Tækifæri til umbóta

- Skipa þarf matshóp og tryggja að helstu hagsmunaaðilar skólans eigi sinn fulltrúa í honum.
- Finna ætti leiðir til að meta kennslu og fagmennsku kennara með reglubundnum hætti.
- Gefa ætti árlega út matsskýrslu með helstu niðurstöðum innra mats.

Innra mat er markmiðsbundið

Grunnþættir í menntun, markmið og áhersluþættir grunnskólalaga og skólastefna Kópavogsbærar endurspeglast í markmiðum skólanámskrár og birtast í innra mati skólans. Metnar eru leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. EKKI er að finna skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að að öðru leyti en því sem skoða má í Skólapúlsi, þ.e. landsmeðaltali. Í sjálfsmatsskýrslu 2013 er heldur ekki að finna skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að en í skýrslunni er gerð grein fyrir umbótum sem gerðar hafa verið frá árinu 2010.

Styrkleikar

- Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð.

Tækifæri til umbóta

- Skilgreina þarf viðmið um árangur og birta í sjálfsmatsgögnum og á heimasíðu.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Við öflun gagna eru fjölbreyttar aðferðir notaðar. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með. Í innra mati er unnið með niðurstöður úr ytra mati.

Styrkleikar

- Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir.

Tækifæri til umbóta

- Engin tækifæri til umbóta komu fram varðandi þennan þátt.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Leitað er til hagsmunaaðila, s.s. foreldra og nemenda í 10. bekk í þjóðfélagsverkefni, um áherslur og forgangsröðun í innra mati og um þróun og umbætur í kjölfar innra mats.

EKKI verður séð í gögnum né á heimasíðu að nemendur taki með formlegum hætti þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. Matsteymi er ekki starfandi og ekki verður séð af fundargerðum skólaráðs að nemendur starfi með ráðinu. Að framan sögðu verður ekki séð að til sé formlegur farvegur fyrir hagsmunaaðila skólastarfsins, nema kennara (á kennarafundum), að hafa áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats.

Niðurstöður úr innra mati eru birtar á heimasíðu og eru aðgengilegar í sjálfsmatsskýrslu. Einnig eru niðurstöðurnar kynntar við ýmis tækifæri, m.a. á foreldra-, kennara- og nemendafundum.

Styrkleikar

- Leitað er til hagsmunaaðila, foreldra og nemenda í 10. bekk, um áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Við öflun gagna í innra mati er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.

Tækifæri til umbóta

- Leita ætti með formlegum hætti eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila skólans um áherslur og forgangsröðun í innra mati.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Á heimasíðu skólans eru birtar allar helstu niðurstöður og greinargerðir úr innra mati. Í rýnihópum kom fram ánægja með heimasíðu skólans en hún hefur að geyma margvíslegar upplýsingar um skólastarfið og því má álykta að hagsmunaaðilar viti að þeir geti nálgast greinargerðir sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og áætlunar um umbætur á heimasíðu skólans.

Umbótaáætlun 2013-2016 liggr fyrir og er birt á heimasíðu. Í umbótaáætlun vantar að skilgreina einstaka umbótapætti nánar til eins árs í senn og tilgreina viðmið um árangur þar sem það á við. Í umbótaáætlun á ekki að telja upp þætti sem ekki þarfust umbóta.

Greinargerðir um innra mat í sjálfmatsskýrslu eru skýrt fram settar og í þeim eru grundvallarupplýsingar um matið.

Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar í skólaráði og á kennarafundum og einnig birtar á heimasíðu.

Styrkleikar

- Hægt er að nálgast greinargerðir sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur á heimasíðu skólans.
- Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.

Tækifæri til umbóta

- Kynna ætti fyrir öllum helstu hagsmunaaðilum hvað felst í innra mati.
- Skilgreina mætti einstaka umbótapætti í umbótaáætlun nánar.

Innra mat er umbótamiðað

Umbætur eru skilgreindar og skipulagðar af stjórnendum á grunni greiningar á styrkleikum og veikleikum. Í starfsáætlun 2014-15 í kafla um mat á skólastarfi er gerð grein fyrir helstu umbótum sem

unnið er að í skólastarfinu í vetur. Einnig liggur fyrir umbótaáætlun til þriggja ára 2013-2016. Umþótum sem ræddar eru í kjölfar niðurstaðna er fylgt eftir af stjórnendum skólans. Í umbótaáætlun þarf að koma fram hvenær meta á niðurstöður umbóta.

Mikilvægt er að vinna að því að sem flestir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins verði meðvitaðir um að þátttaka þeirra í innra mati leiði til umbóta.

Styrkleikar

- Gerð er grein fyrir viðfangsefnum innra mats í starfsáætlun Salaskóla.
- Umbótaáætlun til þriggja ára liggur fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Vinna ætti að því að sem flestir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins verði meðvitaðir um að þátttaka þeirra í innra mati leiði til umbóta.
- Skrá í umbótaáætlun hvenær meta á umbætur.
- Setja fram nákvæma umbótaáætlun með viðmiðum um árangur til eins árs í senn.

Svið IV – Nám nemenda með sérþarfir

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessum viðmiðum var skipt í þrjá kafla: Nám við allra hæfi, Greiningargögn og námsáætlanir, Verklagsreglur og áætlanir og loks Skipulag.

Salaskóli leggur áherslu á að nemendum líði vel í skólanum og að hver og einn fái þá þjónustu og þau úrræði sem hæfa einstaklingnum. Lögð er áhersla á fjölbreyttar leiðir til að styðja við nemendur sem eiga erfitt í skólanum. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu fólk til að sinna þessum einstaklingum, bæði sérkennara og þroskaþjálfa. Þá eru stuðningsfulltrúar starfandi við skólann og auk þess starfar talkennari í hlutastarfi við Salaskóla og sálfræðingur sem vinnur greiningar og sinnir ráðgjöf.

Lögð er áhersla á að leita eftir styrkleikum nemenda og vinna með þá enda er hluti af stefnunni Uppeldi til ábyrgðar að hver nemandi læri inn á sína styrkleika. Stuðningur fer fram á ýmsan hátt, bæði innan bekkjar og í sérstökum námsverum. Leitast er við að hafa nemendur í litlum hópum í námsverum og þá eru gjarnan saman svokallaðir námsfélagar. Það eru ekki eingöngu nemendur sem þurfa mikla aðstoð heldur líka þeir sem vinna vel saman og óska eftir að vinna saman í hópi.

Nokkuð margir nemendur Salaskóla eru greindir á einhverfurófi eða 2,4%. Árlega nýtir um fjórðungur nemenda stoðkerfi skólans á einhvern hátt en 87 nemendur, eða 16%, eru með formlegar greiningar og flestir þeirra eru með einhvers konar einstaklingsnámskrá. Ef á þarf að halda eru stofnuð svokölluð einstaklingsteymi utan um nemendur með miklar sérþarfir. Slík teymi funda á 4-6 vikna fresti og eru foreldrar í teyminu en sjaldan nemendurnir sjálfir.

Ágætt samstarf er við félagsþjónustuna er felst í því að félagsráðgjafi kemur einu sinni í mánuði á nemendaverndarráðsfund.

Nám við allra hæfi

Nemendur fá jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þáttöku í skólastarfi. Komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda án aðgreiningar og án tillits til líkamlegs eða andlegs atgerfis. Nemendur fá fjölbreytt nám og sérstaklega vel er hugsað um þá sem þurfa á aðstoð að halda, m.a. eru nemendur í sérstökum stuðningshópum í sundi.

Í rýnihópum kom fram að minna væri unnið með þá nemendur sem teljast bráðgerir. Á unglingsastigi geta þeir þó tekið framhaldsskólaáfanga að loknu grunnskólanámi og á öllum stigum er reynt að huga að því að nemendur fái krefjandi verkefni. Öflugt skáklif getur að mati viðmælenda einnig stutt við bráðgera nemendur.

Styrkleikar

- Allir nemendur fá tækifæri til að þroska persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu.
- Námsumhverfið er sveigjanlegt og mætir þörfum allra.

- Skipulag stuðnings við einstaka nemendur og nemendahópa stuðlar að því að hann fari fram innan skóla án aðgreiningar.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að því að bráðgerir nemendur á öllum aldri fái viðeigandi og krefjandi verkefni.

Greiningargögn og námsáætlanir

Greiningargögn og aðrar upplýsingar fylgja nemendum frá leikskóla til grunnskóla á sérstökum skila-fundi hjá skólaskrifstofu. Ekki eru gerðar sérstakar einstaklingsbundnar tilfærsluáætlanir fyrir nem-endur með sérþarfir þegar þeir fara úr grunnskóla í framhaldsskóla.

Skipulagning náms nemenda með sérþarfir fer ávallt fram í samráði við umsjónarkennara, aðra kennara, sérkennara og fagaðila ef við á. Samráð er haft við foreldra um þjónustu vegna barna þeirra og þeir taka þátt í gerð einstaklingsáætlana.

Einstaklingsnámskrár og árangur stuðnings almennt eru endurskoðuð og metin reglulega og stuðningur endurskipulagður eftir þörfum. Foreldrar geta óskað eftir að börn þeirra fái sérstakan stuðning í námi og lesið um stoðþjónustu skólans á heimasíðu.

Styrkleikar

- Greiningargögn fylgja nemendum úr leikskóla í grunnskóla.
- Umsjónarkennari sér til þess að námsáætlun fyrir einstaka barn eða hópa sé gerð í samvinnu við fagaðila innan skólans.
- Stuðningur er metinn reglulega og markvisst.
- Foreldrar taka þátt í gerð og endurmati á einstaklingsnámskrám.

Tækifæri til umbóta

- Gera tilfærsluáætlanir sem fylgja nemendum með sérþarfir frá grunnskóla í framhaldskóla.

Verklagsreglur og áætlanir

Nemendaverndaráð sér um að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu. Góð tengsl eru einnig við félagsþjónustu.

Umsjónarkennrarar og aðrir kennrarar skólans fá leiðbeiningar og kennsluráðgjöf frá fagaðilum innan skólans vegna nemenda með sérþarfir.

Ekki eru til skráðar verklagsreglur um meðferð mála sem berast frá foreldum, t.d. um skráningu og varðveislu, verklag, samstarf og málshraða, nema málin fari til nemendaverndarráðs. Ekki er til móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir þar sem kveðið er á um aðbúnað, hjálpartæki, skipulag námskráa, námsmat, hlutverk allra fagaðila sem að nemandanum koma og áætlun vegna félagslífss og tómstundastarfs.

Kennrarar eru undirbúnir komu nýrra nemenda með sérþarfir og leitast er við að koma á fundum með stuðningsfulltrúum. Hins vegar kom fram í rýnihópi að stundum fá aðrir starfsmenn ekki tilkynningar nægilega fljótt að þeirra mati ef nýir nemendur með sérþarfir koma í skólann þegar starfsárið er hafið.

Styrkleikar

- Nemendaverndaráð samræmir skipulag og þjónustu varðandi alla stoðþjónustu.
- Góð samskipti eru við félagsþjónustu.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir og birta á heimasíðu.
- Huga þarf að því að koma upp ferli til að tryggja að allir starfsmenn fái strax upplýsingar um nýja nemendur með sérþarfir.

Skipulag

Sérkennarar og aðrir fagaðilar, s.s. þroskaþjálfar, náms- og starfsráðgjafi og aðrir sem starfa við sérfræðiþjónustu skóla, eru til staðar fyrir nemendur. Skilgreint er í hvaða tilvikum einstaklingsnámskrá er gerð og leitast er við að skipuleggja stuðning á sem fjölbreyttastan hátt til að koma til móts við alla. Skipulag sérstaks stuðnings við nám nemenda með sérþarfir er endurskoðað reglulega og þess gætt að kennslustundafjöldi þeirra sé sambærilegur og hjá öðrum nemendum.

Hugað er að snemmtækri íhlutun og fyrirbyggjandi aðgerðum vegna námserfiðleika. Sérstakur aðili ber ábyrgð á að áætlanir um stuðning í námi og kennslu séu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda.

Ef á þarf að halda eru stofnuð svokölluð einstaklingsteymi utan um nemendur með miklar sérþarfir. Í teyminu eru umsjónarkennari, foreldri, aðstoðarskólastjóri og/eða sérkennari/þroskaþjálfir og aðrir fagaðilar ef þarf. Í undantekningartilvikum sitja nemendur sjálfir í slíku teymi. Í hverju teymi er teymistjóri, skrásetjari og einn sem ber ábyrgð á samstarfi við foreldra. Skjal með lýsingu á einstaklings-teymum er til í skjalasafni stjórnenda sérkennslu. Teymin funda reglulega.

Sérfræðiþjónusta, félagsþjónusta, barnaverndaryfirvöld og heilbrigðisþjónusta eiga samstarf um mál-efni barna.

Nemendur sem ekki geta sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda fá sjúkrakennslu undir leið-sögn kennara, ýmist í skólanum eða heima.

Starfsmenn stoðþjónustu vinna í nánum tengslum við stjórnendur og aðra starfsmenn skólans.

Styrkleikar

- Sérfræðiþjónusta er til staðar fyrir nemendur, s.s. sérkennarar, þroskaþjálfar og náms- og starfsráðgjafi.
- Skilgreint er í hvaða tilvikum einstaklingsnámskrá er gerð.
- Stuðningur við nemendur er endurskoðaður reglulega.
- Hugað er að snemmtækri íhlutun vegna námserfiðleika.
- Sérstakur aðili ber ábyrgð á að áætlanir um stuðning séu í samræmi við metnar sérþarfir.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti ráðstafanir til að nemendur (a.m.k. á mið- og unglingsastigi) geti setið í einstaklings-teymum sem fjalla um málefni þeirra og þannig tekið þátt í að móta nám sitt að einhverju marki.
- Birta lýsingu á einstaklingsteymum.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Í stórum dráttum má segja að í Salaskóla fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, v aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru. Styrkur skólans felst meðal annars í góðri stoðþjónustu þar sem byggt er á styrkleikum hvers einstaklings. Fjölgreindaleikar og öflugt skákstarf eru dæmi um það hvernig komið er til móts við ólíkar þarfir einstaklinga.

Styrkleikar í stjórnun

Skólastjóri hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans. Stjórnendateymi skólans vinnur náið saman og miðlar upplýsingum sín á milli. Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks, benda starfsmönnum á réttindi sín og skyldur og veita endurgjöf á störf. Skólastjóri fylgist með starfi skólans. Hann leggur rækt við að vera til staðar fyrir nemendur og er sýnilegur í daglegu starfi. Í Salaskóla er stöðugt unnið að þróun skólastarfsins með hag nemenda að leiðarljósi.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti einkunnarorð skólans sýnilegri í skólanum svo allir séu meðvitaðir um þau.
- Gera skipurit sem endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.
- Skólaráð geri starfsáætlun til eins skólaárs í senn, m.a. um tíðni funda, boðun þeirra og helstu fundarefnin.
- Þörf er á að stuðningsfulltrúar og annað starfsfólk sé boðað á fagfundi þar sem það á við.
- Fjölga ætti reglulegum starfsmannafundum.
- Vinna þarf að uppsetningu starfsáætlunar og skólanámskrár í samræmi við ákvæði í aðalnámskrá grunnskóla.
- Gera þarf heildstæða forvarnaráætlun.
- Huga ætti að því að skólaráð og fulltrúar nemenda taki þátt í næstu endurskoðun skólareglina með formlegum hætti.
- Kjósa á fulltrúa nemenda í skólaráð með lýðræðislegum hætti til tveggja ára í senn og virkja þá til þátttöku í skólaráði.
- Huga að enn frekari upplýsingagjöf til foreldra um stöðu nemenda í námi í gegnum Mentor.

Styrkleikar í námi og kennslu

Kennrarar sýna góða fagbekkingu á námssviðum sem þeir kenna og sérfræðibekking þeirra nýtist í starfi. Nemendur vinna að heildstæðum og sambættum verkefnum og námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum. Stefna sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda og samskipti í skólasamfélagini eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendum á ungingastigi er markvisst kennt að setja sér markmið í námi og þeir hafa val um námsgreinar í um fimmtungi námstímans.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Setja þarf skólanámskrá og starfsáætlun fram á þann hátt sem kveðið er á um í aðalnámskrá.
- Birta ætti heildstæða skólanámskrá á heimasíðu, þ.m.t. námsvísa/bekkjarnámskrár.
- Skrá ætti verklag um samskipti milli leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskóla og birta á heimasíðu.

- Efla umræður, skoðanaskipti og gagnrýna hugsun nemenda.
- Nýta ætti markvisst samstarf og samvinnu í námi og kennslu.
- Huga þarf að eflingu nemendafélags innan skólans, m.a. með því að velja breiðari aldurshóp í stjórн þess.
- Móta verklag um hvernig eigi markvisst að afla sjónarmiða nemenda um málefni sem snerta þá.
- Gera nemendum ljós markmið námseininga í heild.
- Huga að því að nemendur á öllum stígum fái tækifæri til að velja viðfangsefni sem endurspeglar áhuga þeirra og hæfileika.
- Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.

Styrkleikar í innra mati

Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf, bæði árangur og gæði. Matsáætlun 2014-2017 liggur fyrir og tekur hún til helstu þátta skólastarfsins. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer reglulega fram. Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð. Við öflun gagna í innra mati er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Þriggja ára umbótaáætlun liggur fyrir.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Skipa ætti matshóp og tryggja að helstu hagsmunaaðilar skólans eigi sinn fulltrúa í honum.
- Finna leiðir til að meta kennslu og fagmennsku kennara með reglubundnum hætti.
- Gefa ætti árlega út matsskýrslu um helstu niðurstöður innra mats.
- Skilgreina ætti viðmið um árangur þar sem það á við og birta í sjálfsmatsgögnum og á heimasíðu.
- Skilgreina ætti einstaka umbótaþætti í umbótaáætlun nánar til eins árs í senn.
- Skrá í umbótaáætlun hvenær meta á umbætur.

Styrkleikar í námi nemenda með sérþarfir

Skipulag stuðnings við einstaka nemendur og nemendahópa stuðlar að því að hann fari fram innan skóla án aðgreiningar. Allir nemendur fá tækifæri til að þroska persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu. Sérstakur aðili ber ábyrgð á að áætlanir um stuðning séu í samræmi við metnar sérþarfir og hugað er að snemmtækri íhlutun vegna námserfiðleika. Stuðningur er metinn reglulega og markvisst.

Tækifæri til umbóta í námi nemenda með sérþarfir

- Gera þarf tilfærsluáætlanir sem fylgja nemendum með sérþarfir frá grunnskóla í framhaldsskóla.
- Gera þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir og birta á heimasíðu.
- Móta ætti verkferil til að tryggja að allir starfsmenn fái strax upplýsingar um nýja nemendur með sérþarfir.
- Gera ætti ráðstafanir til að að nemendur geti setið í einstaklingsteymum þegar málefni þeirra eru rædd og hafi þannig nokkur áhrif á námsframvindu sína.
- Huga að því að bráðgerir nemendur á öllum aldri fái viðeigandi og krefjandi verkefni.

Frekari greining fyrir Salaskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati á grunnskólum.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = rauðt – mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = gult – fleiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnaðast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt – fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.


Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og náms-aðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbóta-starf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofíð daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbóta-miðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu	Námshættir og námsvitund		Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.
Skólapróun			Námshættir og námsvitund				

Úrvinnsla kennslustunda

Mat á kennslustund

Mynd 4 Yfirlit yfir mat á gæðum kennslustunda² sem metnar voru.




Notkun upplýsingataækni

Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í fimm kennslustundum af 33 almennum kennslustundum sem matsmenn heimsóttu.

Kennarar nýttu upplýsingatækni til kennslu í níu af þessum stundum.

Kennsluathafnir³

Mynd 5 Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.




Samvinna og einstaklingsvinna Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvorutveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallað er sein yfirlærisla og leiðbeinandi kennsluathafnir eru oft tengd hugtakinu hugsmíðahyggu eins og gert er í Hvítbók um umbætur í menntun. Sjá nánar í skýringarkafla um kennsluhætti.

² Sjá: Viðmið um gæði kennslustunda

³ Sjá: Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum


Mynd 6 sýnir yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.



Við skráningu á kennslustundum er litið til þess hvort nám nemenda sé skipulagt á þann hátt að nemendur vina einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.

Hópastærð, nemendur á kennara

Mynd 7 sýnir fjölda nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.



Skráð er hve margir nemendur eru á hvern menntaðan kennara í hverri metinni kennslustund. Y-ás myndarinnar sýnir fjölda nemenda og x-ás hverja metna kennslustund. Stundir við sérkennslu eru ekki teknar með.

Matsblað kennslustundar		Vettvangsathugun í kennslustund		
Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl.(upphaf og lok):		
Námsgrein:	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda / Einstaklingsvinnu/Blanda		
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N		
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennrar UT við kennslu: J/N		
Matsþáttur:	Vísbendingar:			
Skipulag í skólastofunni/kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.			
Framvinda kennslu-stundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbryggð og tíminn vel nýttur.			
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.			
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfandað og notað.			
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og sampætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskipta-tækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.			
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.			
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?			
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.				
Mat á stundinni: Frábær – Góð – Má bæta - Óviðunandi				

Viðmið um gæði kennslustunda.

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

Frábær / mjög góð

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmynnar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Viðunandi

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

Oviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
- Lítill þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimenn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjá flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemendur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks, alls ekki tæmandi listi. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

Flokkun kennsluathafna

Fræðandi

Kennarinn er fyrst og fremst í að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spryja. Ef spurt þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótað af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsefnið er í forgrunni.

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara
- Fara yfir og leiðréttá heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara
- Bein kennsla - samræður við nemendur
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum
- Námsefni lesið saman og rætt við nemendur
- Sýnikennsla, útskýringar
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bókleg eða verkleg
- Horft á kvíkmyndir og myndbönd
- Þjálfun og æfingar

Leiðbeinandi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgáttur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er drifffjöldur námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

- Tilraunir og verklegar æfingar
- Lausnaleit
- Námsefni lesið saman og rætt með nemendum
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á utfærslu og verkefnaval eða þegar nemendur hanna og skapa frá grunni
- Útikennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms
- Rannsóknir
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur

Þvert á flokkana að framan koma eftirfarandi þræðir:

Sjálfstætt nám - einstaklingsvinna


Kennarinn skipuleggur námsathafnir sem ætlað er að efla frumkvæði, sjálfstraust og sjálfsmat nemandans. Námið er skipulagt annað hvort af kennara eða nemanda en er undir umsjón og leiðsögn kennara. Vinna nemenda sem einkennist dæmigerðri vinnubókavinnu er einnig flokkuð sem einstaklingsvinna.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna
- Einstaklingsverkefni sem tengjast áhugasviði
- Ígrunda og meta eigi nám (sjálfsmat)
- Vinna í vinnubók eða sambærileg verkefni

Gagnvirkt nám/samvinna – hópvinna

Kennarinn skapar námsumhverfi sem byggir á samræðum og hlutdeild nemenda. Paravinna, hópvinna eða annars konar samvinna í kennslustundum. Áhersla á samskipti, samvinnu og félagslega færni. Nemendur vinna í margskonar hópum. Kennarinn hefur mikilvægt hlutverk við hópamyn dun og skipulag námsathafna nemenda í hópum.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna, hópverkefni
- Þemaverkefni, unnin í hópum
- Umræður hópa og kynning niðurstaðna
- Námsleikir og spil
- Leikræn tjáning, söngur eða hreyfing
- Samvinnunám



Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hrönn Pétursdóttir. (2007). Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Kópavogsbær. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.kopavogur.is>

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla. Slóðin er: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8-F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm_skola_97.pdf

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendavernd-arráð í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérparfir í grunnskóla. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Fretta tilkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Salaskóli. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.salaskoli.is>

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.